



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Tillagan varðar skólaárið 2025-2026. Hún er vegna eftirtalda skóla og er efnislega eftirfarandi:

- Waldorfskólinn Lækjarbotnum: Óbreytt, hámark 74 nemendur. Nemendur voru 58 á síðasta skólaári.
- Alþjóðaskólinn á Íslandi: Óbreytt, hámark 50 nemendur. Nemendur voru 34 á síðasta skólaári.
- Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði: Óbreytt, hámark 8 nemendur. Nemendur voru 4 á síðasta skólaári.
- Grunnskólinn Nú, Framsýn: Óbreytt, hámark 20 nemendur. Nemendur voru 5 á síðasta skólaári.

Tillagan felur í sér að nemendarammi sjálfstætt starfandi skóla verði óbreyttur frá skólaárinu 2024-2025.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 3.000.291,- í apríl 2025, samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Miðað við að greitt sé 80% af þeirri fjárhæð, til samræmis við framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 2.400.233,- (dreifist á níu mánuði, september til maí).

Áhrif á fjárheimildir sviðsins

Fjárheimildir sviðsins vegna grunnskólabarna ráðast af endanlegum barnafjölda og hvernig nemendur skiptast í borgarrekna og sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó að fleiri börn fari í sjálfstætt starfandi skóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum öðrum föstum rekstrarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára.

Til skemmri tíma er því eðlilegra að bera saman breytilegan kostnað borgarrekkinna grunnskóla við framlag sem greitt er til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Slíkur samanburður er þó háður töluverðri óvissu þar sem ekki er ljóst hvernig þessi 20 börn myndu raðast í borgarrekna grunnskóla. Ef börnin raðast þannig að fjölga þurfi bekkjum í borgarreknum skólum, þá yrði kostnaðaraukin óverulegur við að greiða í staðinn framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Ef fjöldi bekkja í borgarreknum skólum verður hins vegar óbreyttur, þ.e. betri nýting bekkja, þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði borgarinnar við að greiða framlag til sjálfstætt starfandi skóla.

Vegna framangreindrar óvissu um skiptingu barna á milli skóla er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að fjármagna þurfi að fullu þá fjölgun sem verður í skólum utan Reykjavíkur. Þó er vakin athygli á því að sjálfstætt starfandi skólar fá fjárheimildir í samræmi við barnafjölda hvers árs.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*